



# BRÚIN

Félag Íslendinga í  
Luxembourg

3. tbl. 2007, - 17. árg.

Mars 2007

## Guðspjónusta

Sunnudaginn 25. mars næstkomandi klukkan 14:00 verður íslensk föstuguðspjónusta í Mótmælendakirkjunni, 5 rue de la Congrégation í Luxembourg.

Á föstunni, sem er meðal annars tími ihugunar í kirkjuárinu hefur það verið til síðs í árhundruð á Íslandi að lesa úr Passíusálmum Hallgríms Péturssonar og mun svo verða í þessari guðspjónustu og flutt verður tónlist tengd föstunni. Sr. Sigurður Arnarson mun prédika og þjóna fyrir altari.

Boðið verður upp á stund fyrir börnin á meðan á guðspjónustunni stendur. Þau sem fermast í vetur

eru beðin að koma sama dag og guðspjónustan er, til fermingarfræðslu klukkan 12:30 í Mótmælendakirkjunni og foreldrar þeirra eru svo beðin um að koma til guðspjónustunnar með þeim klukkan 14:00.

Kirkjukaffi verður svo eftir guðspjónustuna í Arizona Lounge í Contern og þau sem hafa tækifæri til eru beðin að koma með meðlæti á kaffiborðið.

Næsta guðspjónusta verður svo sunnudaginn 20. maí næstkomandi klukkan 14:00 í Mótmælendakirkjunni.

Kirkjunefndin

## Grænn Kostur Sólveig Eiríks. Námskeið

“Solla Græna” snýr aftur! Sólveig Eiríksdóttir ætlar að vera með matreiðslunámskeið í himneskri-grænni-hollustu í Luxembourg dagana 23. - 24. mars næstkomandi.

Í boði verða byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Stefnt er að því að halda byrjendanámskeiðið föstudaginn 23. mars kl. 17:00 - 20:00 og framhaldsnámskeiðið laugardaginn 24. mars kl. 10:00 - 13:00 (athugið að tímasetning gæti breyst).

Hvert námskeið verður þrjár klukkustundir og kostar 50€. Kennslan fer fram í matsal Kauppings á 35a avenue J.F. Kennedy í Luxembourg.

Áhugasamir skrái sig hjá Elísabetu Önnu Finnbogadóttur á netfangið [elisabet@pt.lu](mailto:elisabet@pt.lu) eða í síma 621 266 578 og 26 747 440.

Elísabet Anna Finnbogadóttir

## Páskahlaðborð

Arizona Lounge verður með páskahlaðborð 23. mars næstkomandi.

Verð fullorðnir 39€  
Börn (12 ára og yngri) 17€

Vinsamlegast pantið borð í síma  
26 701 490 eða 621 192 422

Sjá matseðil og nánari upplýsingar á  
bls. 2

Arizona Lounge

## Í þessu blaði:

Guðspjónusta	1
Myndlistarsýning Rúnu	1
Grænn Kostur - Námskeið	1
Páskahlaðborð Arizona	1
Steel Magnolia Leiksjóning	2
Páskahlaðborð frh.	2
Íslenskur fiskur og kjöt	2
Áhugaverð vefsíða	2
Frá ræðismanni Íslands	2
Borrablót FÍL 2007	2
Fermingarbörn	3
Er billinn í lagi?	3
Góðar vinkonur	3
Litlu dálkarnir	4

## Myndlistarsýning Rúnu “Náttúruauðlindir”



Rúna mun opna sína aðra málverkasýningu hér í Luxembourg miðvikudaginn 28. mars.

Að þessu sinni á Hotel Park Beauv Arts sem er staðsett í elsta hluta miðbæjarins við hliðina á Musée National D'Histoire et D'Art.

Móttakan mun standa milli kl. 18:30 og 21:30 og eru allir lesendur Brúarinnar hjartanlega velkomnir.

Málverkasýningin ber heitið “Náttúruauðlindir” þar sem viðfangsefnið er auðlindir manns og náttúru. Verkin eru unnin á striga annars vegar með Patine au vin,

með Móselvíni, eggjum, mjólk og sykri og hins vegar með akrillitum.

Sýningin mun standa til 13. maí og er opnunartíminn rúmur eða alltaf þegar hótelið er opið, frá kl. 07:00 á morgnanna til kl. 11:00 á kvöldin.

Þetta er 11. einkasýning Rúnu sem hefur áður sýnt á Íslandi og í Frakklandi og Þýskalandi auk þess að hafa tekið þátt í samsýningum, en nákvæmari upplýsingar um Rúnu má finna á heimasíðunni [www.rbenedikta.com](http://www.rbenedikta.com) og um Parc Beauv Arts á [www.hpb.lu](http://www.hpb.lu)

Guðrún Benedikta Elíasdóttir



## Á döfnni:

- Íslenskuskólinn 20. og 21. mars
- Páskahlaðborð 23. mars
- Grænn Kostur 23. og 24. mars
- Guðspjónusta 25. mars
- Myndlist Rúnu 29. mars
- Fiskbállinn í Lux. 31. mars
- New World Theater 24. til 28. apríl
- Guðspjónusta 20. maí

**Íslenskuskólinn næst 20. mars 2007 í Godbrange og í  
Internationalskólanum 21. mars 2007**



## Leiksyningin Steel Magnolias há New World Theater

### Robert Harling's steel magnolias



April 24 - 27 at 20.00 and April 28 at 14.00 & 20.00  
TNL (Théâtre National du Luxembourg) 194 route de Longwy

Tickets €20 adults, €15 students  
Reservations: Luxembourg Ticket at 47 08 95 1  
or www.luxembourgticket.lu



NWTC  
www.nwtc.lu



## Áhugaverð vefsíða

Vefurinn www.draumur.is fór í loftið þann 12. apríl 2006. Höfundar vefsins eru Gyða Stefania Halldórsdóttir og Hjördís Auðunsdóttir.

Vefurinn nýtist öllum þeim sem hafa áhuga á að fletta upp merkingu drauma sinna í "drauma leitarvélinni."

Fyrir utan leitarvélinna er vefurinn einnig hugsaður sem miðstöð andlegra málefna þar sem að fólk getur nálgast helstu upplýsingar til

að panta tíma hjá miðlum, spákonum, talnaspekingum, heilurum svo eitthvað sé nefnt.

Eins eru þar skemmtilegar greinar á síðunni frá fólki í andlega heiminum. Spjallið á síðunni er öllum opið þar sem að hægt er að tjá sig um hin ýmsu málefni eins og að skiptast á reynslusögum, taka þátt í andlegum umræðum og ræða um drauma sína.

Allar draumaráðningar á vefsíðunni eru fengnar frá Þóru Elfu Björnsson, en hún hefur skrifað nokkrar draumaráðningabækur í gegnum tíðina.

Agnis Jóhannsdóttir  
benti á ofangreinda síðu

## Börnin og ástin Ný orðtök barna

"Þegar maður verður skotinn í ástfanginn, þá er það rosalega sárt og maður getur meitt sig alveg fullt."  
Magnús 7. ára

"Betra er að fá leigt í miðbænum en í guðanna bænum."  
Viðförli Netverjinn, höf. ókunnur

## Páskahlaðborð Arizona Lounge

Páskahlaðborð Arizona Lounge  
23. mars 2007  
Mæting er klukkan 19:30 og  
borðhald hefst klukkan 20:00

### Forréttir

Aspassúpa  
Carpaccio de Boeuf að asískum hætti  
Marinerað lambkjöt  
Reyktur áll  
Graflax  
Sjávarréttasalat  
Priggjalaga fiskifrauð  
Fylltur smokkfiskur

### Aðalréttir

Lambalæri  
Fylltur kalkúnn  
Brasseraðar lynghænur  
Heitur fiskiréttur

### Sósur:

Demi glaze gljái, Piparrótarsósa,  
Graflax, Koniaks-Pipar, Hvítlauks,  
Soja-lime, Súrsæt

### Meðlæti:

Waldorfsalat,  
Kartöflusalat, Kalt pastasalat,,  
Couscous salat, Rúgbrauð og  
smjör, Baguette, Kartöflur

### Dessert

Ísterta  
Eplaterta  
Súkkulaðiterta  
Blandaðir ávextir

Fullorðnir: 39€

Börn (12 ára og yngri): 17€  
Vinsamlegast pantið borð í síma  
26 701 490 eða 621 192 422

Arizona Lounge

## Vegabréf

Tilkynning frá ræðismanni Íslands

Þar sem nýjar reglur eru komnar við að fá ný vegabréf og þarf að fara til Íslands til þess er vert að minnst á að hægt er að fá framlengingu á gamla vegabréfinu hjá ræðismanninum. Þetta þarf að gera með svolitlum fyrirvara því það getur tekið allt að 2 vikur.

Hægt er að fá betri upplýsingar hjá ræðismanninum, sjá á vefsíðu félagsins www.fil.islandus.net undir ræðisskrifstofa, þar er heimilsfang, símanúmer og og og.

Matthildur Kristjánsdóttir, form. FÍL

## Íslenskur fiskur og kjöt

**Takið eftir breyttri dagsetningu.**  
Páskasalan er hafin hjá Ickkost. Íslenskur fiskur og fjallalambið góða. Sendið pantanir sem fyrst og tryggjið að ykkar pöntun komist með. Billinn verður á eftirfarandi stöðum:

Junglinster Centre Polyvalent,  
laugardaginn 31. mars 2007,  
klukkan 11:00 til 12:00.

Findel flugvöllur, langtímabílastæði  
E (við hringtorgið), laugardaginn  
31. mars 2007, klukkan 13:00 til  
13:30.

Sendið inn pantanir á eftirfarandi:

Sími: + 49 4298 466 826  
GSM: + 49 178 9055 862  
GSM Lux: + 352 621 590 329  
E-mail: ickkost@t-online.de

### Verðlisti Ickkost

Ýsa	2,5kgx13.00€	32.50€
Rækja	2,5kgx14.00€	35.00€
Steinbítur	2,5kgx13.00€	32.50€
Ufsi	5,0kgx 6.50€	32,50€
Létt salt þorskur	2,5kgx13.00€	32.50€
Lambalæri	1.0kgx16.00€	16.00€
Lambahryggur	1.0kgx20.00€	20.00€
		Ickkost

## Ráðagóðahornið

### Rafhlöður

Rafhlöður sem ekki á að nota alveg strax geymast best í ísskáp.

### Kopar og messing

Kopar og messing er hægt að þússa með því að nota blöndu af 1 bolla af súrmjólk og 1 msk af salti.

### Tréhlutir

Tréhlutir sem hafa dökknað má lýsa með sítrónusýrublöndu.

### Stálhnífapör

Ef stálhnífapör hafa fengið ljóta bletti, má reyna að láta þau liggja í ediksvatni yfir nótt.

### Eggjarauður

Eggjarauður er hægt að geyma í nokkra sólarhringa ef þær eru geymdar í skál og dálitlu af vatni hellt yfir. Setjið álpappír eða lok yfir skálina og geymið hana í ísskáp.

### Te

Te er góður drykkur að margra dómi. Margar pottaplöntur hafa líka gott af að vera vökvaðar með tei annað slagíð.

Ritsjóri, ýmsar heimildir



## Porrablótið 2007

Porrablót Félags Íslendinga í Lúxembúrg var haldið 10. febrúar síðastliðinn á Parc Alvisse Hotel í Dommeldange.

Um 200 manns mættu í sínu finasta þússi og skemmtu allir sér konunglega. Leikklúbburinn Spuni sá um veislustjórn að þessu sinni og var með stutt skemmtiatriði undir borðhaldi. Settu þau veisluna með því að fá ræðismann Íslands í

Lúxembúrg, Herra Roland Frising til að klippa á stóran og mikinn borða sem búið var að breyða úr yfir matarborðinu og á stóð "The rotten food festival" sem er nú svolítið réttmæli á öllum þessum súra og skrítna mat. Má nefna að í ár voru líka skemmtiatriði á ensku sem hafa að ég best veit ekki verið áður og féllu vel í útlandu gestina okkar. Loksins skildu þeir eitthvað.

En það var nú nóg af öðru góðgæti, þ.e. öðru en þessu súra, að hafa á glæsilegu hlaðborði sem Vilhjálmur Arndal Axelsson sá um.

Eftir matinn sá hljómsveitin Sólón um að halda uppi stuði til kl. 3.

Stjórn Félagsins vill þakka öllum þeim sem hjálpuðu til. Það þarf margar hendur til að standa að svona skemmtun.

Einnig viljum við þakka Ícelandair fyrir að aðstoða okkur við að koma hljómsveit og mat frá Íslandi til Evrópu svo og þeim fyrirtækjum sem styrktu okkur með vinninga í happdrættinu okkar.

*Matthildur Kristjánsdóttir, formaður FÍL*

## Góðar vinkonur

Góðan daginn frú, sagði lögregluþjónninn við frúna sem hann hafði stoppað á Miklubrautinni í Reykjavík.

Má ég vinsamlegast fá að sjá ökuskirteinið þitt? Alveg sjáfsagt. En þú mátt ekki taka það. Ég fékk það lánað hjá vinkonu minni og lofaði að skila því mjög fljótlega.

*Viðförli Netverjinn*

## Er bíllinn í lagi?

Hvernig á að athuga hvort bíllinn sé í góðu ástandi?

Áður en lagt er af stað í frí á bílnum er mikilvægt að fara vel yfir ástand hans því enginn vill sitja í biluðum bíl einhversstaðar með fjölskylduna pirraða aftur í. Því er vert að hafa nokkur atriði í huga áður en ferðalagið hefst.

### Ljós

Skoðið framljósinn, afturljósinn, stefnuljósinn og perurnar áður en lagt er af stað. Ef ein pera er farin þá er samsvarandi pera hinum megin sennilega orðin léleg og því ráðlegt að skipta um.

### Rúðupurrkur og rúðuvökvi

Skipta þarf um rúðupurrkur á eins árs fresti að meðaltali. Notið góðan rúðuvökva, en sumir rúðuvökvar innihalda fitu sem sest á rúðuna og ryk getur fest í.

### Hjólbarðar

Athugið munstur og þrýsting á dekkjum. Misunandi slit á dekkjum gefur til kynna að bíllinn sé ekki rétt hjólastilltur. Rangur þrýstingur hefur áhrif á hvernig dekkinn slitna og aksturseiginleika bílsins. Munsturdypt má ekki vera minni en 1,6 mm. Skoðið einnig varadekkið, athugið hvort tjakkurinn er í lagi og vel smurður og kannið hvort réttur felgulykil er með í för. *Ritstjóri, ýmsar heimildir*

## Hvaða borg flaut í vatni?

Nú auðvitað Akraborgin!

*Viðförli Netverjinn*

## Fermingarbörn

### Ferming í þjóðkirkjunni

Ferming er staðfesting á skirninni.

Ferming er guðsþjónusta, þar sem skírður einstaklingur staðfestir með jätningu sinni þá jätningu, sem aðrir fóru með fyrir hans hönd á unga aldri. Fermingin fer fram, þegar viðkomandi hefur lokið fermingarundirbúningi og fræðslu fyrir athöfnina.

### Fermingarfræðslan

Í fermingarfræðslunni er farið yfir námsefni samkvæmt ítarlegri námskrá fermingarfræða kirkjunnar. Í þessari fræðslu er tekið á bóklegri kennslu, upplifun með nálgun við ólíka þætti mannlífsins. Mikið er lagt upp úr kristinni siðfræði og nálgun hennar við dægurmál líðandi stundar. Hverju svarar kristin trú og hvert er viðhorf hennar til málefna samtímans? Hvað segir kristin trú um lífið og gildi þess? Hvað kennir kristin trú um mengun og varðveislu sköpunarverksins? Hvað kenna önnur trúarbrögð í þessum efnum? Þessar spurningar og margar aðrar eru ræddar.

Í samtali fermingarbarna og fræðara í fermingarfræðslunni er mikið lagt upp úr tjáningu og mikilvægi þess að fermingarbörnin læri að tjá sig og lýsa sínum skoðunum. Gleðin er förunautur æskunnar og því er lögð áhersla á að þau deili gleðinni hvert með öðru.

### Samtal við Guð

Helgistund í tengslum við fræðsluna er mikilvæg, þar sem bænamálið er notað og lögð áhersla á kristna ihugun. Mál bænarinna verður engum tamt sem ekki æfir sig og opnar hjarta sitt fyrir

Guði. Bæn getur jafnt verið orð sem andvarp, þegar einlægur hugur býr að baki. Bænarefinu eru ætíð mörg en ekki má gleyma að þakka það allt sem lífið gefur. Í samtali vina deila menn hugsun og draumum og vinna saman að því að gefa því von.

### Fermingarmessan

Sérstök fermingarathöfn fer fram með þátttöku fermingarbarna, sem flytja bænir, lesa ritningartexta, og aðstoða e.t.v. við útteilingu. Fermingarbörn eru klædd hvítum kyrtlum og sitja í kór kirkjunnar. Hvítt er litur gleði og hátíðar. Tónlist og sálmar eru gjarnan valin úr æskulýðsstarfi kirkjunnar, lög sem fermingarbörnin þekkjá.

Þegar fermingarbarn er kallað upp að altari með fullu nafni til þess að staðfesta skírninga er það spurt: „Viltu leitast við, af fremsta megni, að hafa frsalarann Jesú Krist að leiðtoga lífsins?“ Fermingarbarn svarar jätandi og krýpur síðan niður. Prestur leggur hönd á höfuð þess og segir: „Almáttugur Guð þinn ástriki faðir, styrki þig og leiði að eilífu.“ Þá rís fermingarbarn upp og tekur í hönd prestsins og mælir ritningargreinina, sem fermingarbarnið hefur sjálft valið úr ritningunni. Stundum velur prestur ritningarvers handa sérhverju fermingarbarni. Altarisganga er hluti fermingarinnar og fer hún fram í fermingarmessunni en getur einnig verið sérathöfn sem fer þá fram daginn eftir eða næstu daga á eftir fermingunni.

Fermingarbörnin ganga til altaris með foreldrum og öðrum þeim ástvinum sem óska að fylgja þeim til altaris. Að altari Drottins eru allir velkomnir.

### Að finna sig heima í kirkjunni

Fermingarbörnin hafa í fermingarfræðslunni lært að þekkjá líði messunnar og merkingu þeirra auk almennrar fræðslu um kristna trú, siðfræði, samskipti kynjanna, ábyrgð okkar í sköpunarverkinu o.fl. í fræðslunni er lögð mikil áhersla á upplifun. Táknmál kirkjunnar er einnig mikilvægt ekki síst þar sem það er stór hluti listasögu samtímans.

### Þátttaka í helgihaldi kirkjunnar

Fermingarbörn eru hvött til að vera dugleg að sækja messur með fjölskyldum sínum. Í mörgum kirkjum skulu þau mæta í ákveðinn fjölda skipta og einnig eru þau víða hvött til þess að sækja aðrar kirkjur og kynna sér starfssemi þeirra.

### Samvera og upplifun

Einnig fara nær allir hópar fermingarbarna á sérstök námskeið sem haldin eru til dæmis í Vatnaskógi, Skálholti, Löngumýri, Vestmannsvatni, Eiðum og víðar. Á þessum námskeiðum er lögð mikil áhersla á það að gleðjast og njóta lífsins saman í stórum hópi, hugleiða inntak lífsins, bænina, nálægð Drottins og ekki síst að hugleiða spurninguna, „Hver er ég og hvað vill Guð með líf mitt.“

### Fermingin er upphaf hins frjálsa lífs

Ferming er heilög athöfn sem markar upphaf og líf fermingarbarns í kristinni kirkju. Mikilvægt er að fjölskyldan öll sé meðvitúð um þessa stóru ákvörðun barnsins og styðji barnið eftir föngum með þátttöku með því í verkefnum þessa vetrar. Kristinn einstaklingur er frjáls því hann biður, leitar og knýr á og hann veit að hann mun öðlast, finna og að fyrir honum mun upplokið verða.

*Greinin er frá:*

<http://www.ferming.is/greinar/thjodkirkjan.htm>



## Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg  
12 enner der Haerdchen  
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:  
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri  
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður  
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000  
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

# BRÚIN

[www.fil.islandus.net](http://www.fil.islandus.net)

## Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2006-2007

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingvi K. Guttormsson, ritari	350 206,	621 295 185	ikg@pt.lu
Ólafur Ólafsson, gjaldkeri	26 665 326,	621 365 895	island@pt.lu
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi	358 823,	621 375 875	birnabs@pt.lu
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163,	691 637 888	gst@gmx.co.uk
Óskar Bragi Sigþórsson, varamaður,	2694 5006,	691 348 737	oskars@islandus.net

## Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Dórothea Kjartansdóttir	621 572 779	elsakja@simnet.is
Heiða Ingimundardóttir	691 757 767	hei5@hi.is
Dagný Broddadóttir	621 541 292	dagny@vma.is

## Stjórn Kirkjunefndar 2006-2007

Eyjólfur Hauksson	formaður,	768 545
María Huesmann		358 556
Sólveig Stefánsdóttir		789 341
Agnar Sigurvinsson		435 183
Sigurður Kristinnsson		787 710

## Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir	formaður,	341 882	spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri,	780 510	iristhorkels@yahoo.co.uk

## Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

## Litlu dálkarnir

### Smáauglýsingar

#### Til sölu

#### Cosy hornsófi og skemill



Gott verð, 500€, vegna flutninga.  
Upplýsingar í síma 621 41 46 73  
eða á lisukot@hotmail.com

#### Sláttuvélatraktor

Til sölu vegna flutninga er rauð sláttuvél eða dráttarvél/traktor. Flott verð, aðeins 350€. Upplýsingar í síma 621 41 46 73 eða á lisukot@hotmail.com

### Íslenskur fiskur og kjöt

Hægt er að panta á netfanginu  
icekost@t-online.de eða í síma  
+49 178 9055 862.

### Geisladiskur Þórunnar Egils

Þórunn Egils gefur Íslendingum gott verð á nýja geisladisknum "The Moment In Between."  
Upplýsingar í síma 691 637 888.

### Tilkynningar

### Barnapössun

Tek aðmér að gæta barna á kvöldin og um helgar. Daði svarar í síma 621 642 436.

### Símaskrá

#### Nýjir meðlimir

#### Breytingar

Agnar B. Sigurvinsson  
sagnar@pt.lu

Ingi Karl Ingólfsson  
Ragnhildur Guðmundsdóttir  
19 an de Steekaulen  
L-5243 SANDWEILER

Björn Ágúst Björnsson  
Sigríður Torfadóttir  
8 rue de Moutfort  
L- 5898 SYREN

### Frankfurt-Hahn

Upplýsingar um komu og brottfarir flugvéla í Frankfurt-Hahn eru veittar í síma +49 6543 509 113.

### Áhugaverðar heimasíður

#### Fermingar

www.ferming.is  
www.fondra.is  
www.garðheimar.is  
www.gulalanan.is / nota leitarlínu  
www.gutenberg.is  
www.himneskirherskarar.is  
www.kaka.is  
www.litirogfundur.is  
www.myndval.is  
www.postur.is  
www.siðmennt.is  
www.tilefni.is

### Luxembourg

www.adclux.info  
www.e-ticket.lu  
www.luxembourgticket.lu  
www.poppconcerts.de  
www.rbenedikta.com  
www.show.lu  
www.topsquash.lu  
www.thorunn.lu

### Ísland

www.draumur.is

### Belgía

www.sportpaleis.be  
www.botanique.be  
www.forestnational.be  
www.ancienne-belgique.be

### Víðar

www.dohop.com  
www.easybycoach.com

Munið eftir að kíkja á  
[www.fil.islandus.net](http://www.fil.islandus.net)